



BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

Kynjafræði og kynfræðsla - miðstig

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum í íslenskri menntun sem á að vera leiðarljós í öllu skólastarfi. Einn þessara grunnþátta er jafnrétti og eru ákvæði jafnréttislaga höfð þar að leiðarljósi. Talað er um að jafnréttisfræðsla skuli fara fram á öllum skólastigum og birtast í inntaki kennslu, aðferðum og umhverfi. Undir jafnréttismenntun má nefna nám um þjóðerni, menningu, tungumál, lífsskoðanir, kyn og kynhneigð. Athygli er vakin á nýjum fræðigreinum, kynjafræði og hinsegin fræðum, sem gott væri að nýta í jafnréttismenntunina.

Markmið sem lögð eru til grundvallar eru þverskurður námsgreinar, s.s. skólaíþróttum, samfélagsgreinum og náttúrugreinum;

- ✓ rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllum og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.
- ✓ útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja.
- ✓ sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- ✓ lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- ✓ lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- ✓ vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- ✓ lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- ✓ metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.
- ✓ gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.
- ✓ metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- ✓ nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.
- ✓ lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.

Námsefni

Kennsla fer að mestu leyti fram í umræðum og léttum verkefnum

- ✓ Vefsíður s.s. Kynfræðsluvefurinn, Frá Ö til A og Áttavitinn. Myndbönd og verkefni.
- ✓ Ég og sjálfsmyndin
- ✓ Kyn, kynlíf og allt hitt
- ✓ Fávitabækurnar
- ✓ Heilsuvera
- ✓ Þættir á ungrúv

Námsmat

- ✓ Símat
- ✓ Sjálfsmat
- ✓ leiðsagnarmat